


MENNTASTEFNA

GRUNDARFJARÐARBÆJAR

2023-2028



Grundarfjarðarbær

LEIÐARLJÓS / GILDI

Leiðarljós menntastefnu Grundarfjarðarbæjar eru: **SAMVINNA - ÁNÆGJA - VIRÐING.**

SAMVINNA

Allt skólastarf skal grundvallast á lýðræðislegum vinnubrögðum. Lögð skal áhersla á góða samvinnu í öllum þáttum skólastarfs Grundarfjarðarbæjar og að samvinnan taki til nemenda, foreldra og forsjáraðila, starfsfólks og samfélagsins alls.



ÁNÆGJA

Kappkosta skal að ánægja sé leiðarljós allrar vinnu í skólum Grundarfjarðarbæjar og að hver og einn upplifi ánægju við leik og störf í skólaumhverfinu. Bros er gulls ígildi.

VIRÐING

Áhersla skal lögð á virðingu í samskiptum allra sem koma að skólastarfi. Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem við sýnum í orðræðu og samskiptum og í umgengni við eigur annarra.



FRAMTÍÐARSÝN

Grundarfjarðarbær leggur áherslu á að starf með börnum sé framsækið þar sem fagmennska, metnaður og gæðastarf eru í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á velferð, velliðan og samskipti sem einkennast af *samvinnu*, *ánægju* og *virðingu*. Mikilvægt er að skapaðar séu samræmdar og öruggar náms- og starfsaðstæður í leik, námi og frístundum. Starf með börnum og ungmennum skal ávallt skipulagt með það í huga að skapa aðstæður sem stuðla að framförum og stigvaxandi færni, efla trú á eigin getu og styrkja færni nemenda til þess að takast á við verkefnin á persónumiðaðan hátt. Mikilvægast er að nemendum og starfsfólki líði vel, að allir hafi sitt að segja um nám og kennslu og reyni sífellt að finna leiðir sem gera skóla- og frístundastarf betra, skemmtilegra og til þess fallið að nemendur ljúki skólagöngu sem sjálfsöruggir einstaklingar sem eru tilbúnir að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð.



MEGINMARKMIÐ:

- ✓ að fylgja eftir stefnu stjórnvalda og mennta nemendur samkvæmt áherslum í aðalnámskrá,
- ✓ að starfsumhverfi sé heilbrigt og öruggt þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að þróa sig áfram í starfi,
- ✓ að starfsfólk skóla, félagsmiðstöðvar og íþrótta- og æskulýðsstarfs vinni saman við að tryggja fjölbreytt og lifandi starf með börnum með áherslu á samfelli í leik og námi,
- ✓ að nemendur finni skýran tilgang með þeim viðfangsefnum sem unnið er að og séu virkir þátttakendur í skipulagi þar sem hlustað er á raddir þeirra,
- ✓ að samskipti heimilis og skóla einkennist af góðri samvinnu, virðingu og skýru upplýsingaflæði sem styður við þátttöku foreldra og forsjáraðila,
- ✓ að innra mat sé kerfisbundið, byggt á gæðaviðmiðum og samofið skólastarfi,
- ✓ að unnið sé að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- ✓ að skóla- og frístundastarf sé framsækið þar sem öllum líður vel og allir fá tækifæri við hæfi í lærdómssamfélagi.

LÖG OG REGLUR

Skólastarf í Grundarfjarðarbæ skal ætíð grundvallast á þeim lögum, aðalnámskrám og reglum sem gilda um starfsemi viðkomandi skóla. Hver skóli setur sér sína skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu og menntastefnu Grundarfjarðarbæjar.



NÁMS- OG STARFSAÐSTÆÐUR

Grundarfjarðarbær kappkostar að öll aðstaða og aðbúnaður nemenda og starfsfólks sé til fyrirmyndar og stuðli að vellíðan og velferð. Það er hlutverk sveitarfélagsins að búa skólastarfi barnvænt, öruggt og heilsueflandi náms- og starfsumhverfi og að til séu námsgögn sem henta skapandi nútíma skólastarfi.



STARFSFÓLK

Fagmennska er lykill að gæðastarfi og mikilvægt að starfsumhverfi sé hvetjandi og til þess fallið að fólk sækist eftir því að starfa við uppeldi og menntun í Grundarfjarðarbæ. Heilnæmt, öruggt og uppbyggjandi starfsumhverfi er grunnur að góðum starfsanda og ánægðu starfsfólki. Grundarfjarðarbær leggur sitt af mörkum svo starfsfólk hafi kost á að sinna starfsþróun og styður starfsfólk til náms og starfsþróunar í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og hvers skóla. Mikilvægt er að starfsfólk hafi aðgang að sérfræðiráðgjöf (skóla- og félagsþjónustu) vegna sértækra þarfa nemenda, snemmtækrar íhlutunar og ekki síður til að bæta gæði almenns náms og kennslu.




NEMENDUR

Börn eiga rétt á að læra og leika í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu með áherslu á jafnrétti. Nemendur eru ólíkir, hafa mismunandi áhugasvið, búa yfir ólíkri reynslu og við misjafnar aðstæður sem þarf að taka tillit til í skipulagi náms. Í öllu starfi með börnum er mikilvægt leggja áherslu á inngildandi skólastarf og að styrkja trú þeirra á eigin getu, stuðla að sterkri sjálfsmynd og hvetja til frumkvæðis og sköpunar þar sem öll skipta máli.



FORELDRAR

Í öllu skólastarfi er það meginforsenda árangurs að foreldrar og forsjáraðilar séu virkir þátttakendur í skólagöngu barns síns, fylgist með framvindu námsins, styðji barnið og hlúi að því. Til að svo megi verða þarf gagnkvæmt traust að ríkja í samskiptum foreldra, forsjáraðila og starfsfólks. Mikilvægt er að samskipti heimilis og skóla einkennist af jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi og skýru upplýsingaflæði sem styður við þátttöku foreldra og forsjáraðila.



NÁTTÚRA OG NÆRSAMFÉLAG


Í skólastarfi er unnið með þá sérstöðu sem nálægð skólanna við náttúru og fjölbreytt landslag veitir, meðal annars með því að tengja náttúruupplifun við hreyfingu og útiveru. Þá nýta skólarnir sér fjölbreytileika samfélagsins til hvers konar samvinnu ásamt því að efla samstarf við atvinnulíf á staðnum. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist góða þekkingu á nánasta umhverfi, sögu þess og sérkennum. Jafnframt að samvinna sé á milli skóla sveitarfélagsins og annarra skólastofnana á svæðinu. Þá skulu skólarnir vinna að því að styrkja þau vinabæjatengsl sem skapast hafa við Paimpol.



LEIKUR, NÁM OG KENNSLA

Rík áhersla er lögð á að í skólastarfi taki leikur, nám og kennsla mið af þroska, áhugasviði og hæfni nemenda. Skólapróun og nýsköpun í skólastarfi og kennsluháttum miði að því að koma til móts við nemendur á persónumiðaðan hátt. Grunnþættir menntunar (*læsi, sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð*) eru leiðarljós í öllu starfi skólanna.


Í *LEIKSKÓLUNUM (Sólvöllum og Eldhömrum)*, sem eru fyrsta skólastigið, er lögð áhersla á skapandi og samþætt starf, fjölbreytt námsumhverfi og námsaðferðir með sjálfsprottinn leik í forgrunni. Hlutverk starfsfólks er að styðja börn á mikilvægu þroskaskeiði þar sem nám er byggt á fyrri reynslu og þekkingu. Einnig að hlusta á raddir nemenda og hafa trú á þeim til að taka stigvaxandi framförum. Mikilvægt er að taka tillit til ólíkra félags- og menningarlegra aðstæðna barna, ýta undir félagsleg samskipti og mikilvægi þess að tilheyra. Mat á leik, námi og velferð barna tekur mið af áhuga, getu og hæfni þeirra ásamt því að stuðla að jafnrétti til menntunar. Áhersla er á snemmtæka íhlutun svo brugðist sé við námslegum þörfum barna eins fljótt og unnt er.



LEIKUR, NÁM OG KENNSLA

Í *GRUNNSKÓLANUM* er persónumiðað og samþætt nám í forgrunni og virðing borin fyrir fjölbreytileika og einkennum nemenda. Kennsluhættir eru fjölbreyttir, kennslustundir vel skipulagðar í takt við eðli viðfangsefna, markmið náms og fjölbreyttar þarfir allra nemenda. Nemendalýðræði er virkt og markvisst leitað eftir sjónarmiðum nemenda, meðal annars varðandi námsumhverfi, námstilhögun, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst fylgst með framförum hvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur.

Í *TÓNLISTARSKÓLANUM* er lögð áhersla á tónlistarlegt uppeldi sem eflir hæfni, þekkingu og þroska einstaklingsins. Nemendur fá markvissa kynningu á stefnum og straumum í heimi tónlistarinnar. Í skólanum er leitast við að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til að læra á hljóðfæri, taka þátt í samspili og samsöng. Einnig að veita nemendum tækifæri til að vera virkir tónlistariðkendur sem hafa mikið um nám sitt að segja. Nemendur læra að koma fram og taka þátt í tónlistarflutningi. Lögð er áhersla á að tónlistarnámið verði nemendum hvatning til að halda áfram á tónlistarbrautinni. Tónlist og tónlistarnám er órjúfanlegur þáttur í skólastarfi og mikilvæg stoð í menningarlífi.



MAT OG EFTIRFYLGNI

Markvisst mat og eftirfylgni á framgangi menntastefnunnar er mikilvægur þáttur í því að ná fram settum markmiðum. Aðgerðaráætlun menntastefnu verður metin árlega með það að markmiði að meta gildi hennar, gæði og hvort hún uppfylli þær kröfur sem gilda hverju sinni. Skólarnir forgangsraða aðgerðum til innleiðingar hver fyrir sig. Þeir gera grein fyrir stöðu þeirra aðgerða sem unnið er að í skýrslu um innra mat í lok hvers skólaárs þar sem fram koma styrkleikar og tækifæri til umbóta. Stjórnendur eru faglegir leiðtogar og bera ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt menntastefnunni. Ábyrgð á innleiðingu og mati á framgangi menntastefnunnar ber skólanefnd í umboði bæjarstjórnar.



TILURÐ

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti á 263. fundi sínum þann 13. september 2022 tillögu skólanefndar að endurskoða skólastefnu Grundarfjarðarbæjar frá árinu 2014. Skipaður var stýrihópur til að vinna að endurskoðun skólastefnunnar og setja nýja menntastefnu. Í stýrihópnum voru Loftur Árni Björgvinsson formaður skólanefndar, til vara Signý Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi. Ágústa Einarsdóttir bæjarfulltrúi, til vara Davíð Magnússon fulltrúi í skólanefnd og varabæjarfulltrúi. Margrét Sif Sævarsdóttir leikskólastjóri Leikskólans Sólvalla, Sigurður Gísli Guðjónsson skólastjóri Grunnskóla Grundarfjarðar sem er jafnframt skólastjóri tónlistarskólans. Með hópnum starfaði Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri og starfsmaður skólanefndar. Ásgarður skólaráðgjöf stýrði vinnunni.

Stýrihópurinn átti gott samstarf og samráð við starfsfólk, nemendur, foreldra, forsjáraðila og aðra íbúa sveitarfélagsins. Menntastefnan er lögð fram sem leiðarvísir fyrir alla sem bera ábyrgð á og koma að menntun og uppeldi í skólum Grundarfjarðarbæjar en einnig öðrum þeim sem starfa með börnum. Stefnan byggir á fyrri stefnu, opinberri menntastefnu Íslands og framtíðarsýn samfélagsins sem kom fram í endurskoðunarferlinu.





Grundarfjarðarbær